

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina varðandi forfallakennslu

Á fundi borgarráðs þann 1. júní sl. lagði borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina fram svohljóðandi fyrirspurn:

Nú liggur fyrir svar frá skóla- og frístundasviði dag 18. maí 2017 við fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina í skóla- og frístundaráði varðandi forfallakennslu. Ljóst er að lagaskylda borgarinnar er skýr þegar kemur að rétti nemenda til lámarksfjölda kennslustunda og ekki er heimilt að skerða kennslutíma. Skóla- og frístundasvið hefur ekki viðmiðunarleiðbeiningar eða stuðning við grunnskóla til að uppfylla þessa lagaskyldu sína þegar kemur að mönnun forfallakennslu. Nemendur eru misviðkvæmir fyrir því að fá ekki allar kennslustundir í námsfögum og kann slíkt að hafa áhrif á möguleika þeirra til náms í framhaldsskólum. Má t.d. nefna hóp barna sem þurfa mikinn stuðning innan skólakerfisins, t.d. börn með greiningar og börn sem hafa íslensku ekki að móðurmáli sínu. Því óskum við eftir svari frá meirihluta borgarstjórnar hvort og þá til hvaða aðgerða hann hyggst grípa, þannig að hægt sé að tryggja nemendum á unglingastigi fullan kennslutímafjölda eins og lög kveða á um.

Svar:

Skólastjórnendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar leitast við að manna tímabundin og fjárféð forföll hjá kennurum á unglingastigi eins og kostur er samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði. Erfitt hefur þó reynst að manna öll forföll enda er kennsla á unglingastigi oftast sérhæfð faggreinakennsla og ekki fást sérhæfðir kennarar til að kenna þær námsgreinar, s.s. list- og verkgreinar eða eðlisfræði. Skólastjórnendur í grunnskólum borgarinnar reyna eftir föngum að bæta nemendum á unglingastigi upp kennslu að loknum forföllum kennara til að tryggja að þeir eigi kost á að nema það sem skólanámskrá gerir ráð fyrir hverju sinni, t.d. með því að bjóða upp á aukatíma eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur eða aukna leiðsögn með heimanámi. Þetta getur verið flóknara í framkvæmd en ætla má, þar sem erfitt getur verið fyrir nemendur að lengja skóladag sinn, til að mynda vegna þátttöku í íþróttum og öðru frístundastarfi.

Dagur B. Eggertsson